



Morgunblaðið/Leifur Þorsteinsson
Ásgerður Búadóttir í vinnustofu sinni.

Listasafn Borgarness:

Sýning á verkum Ásgerðar Búadóttur

SÝNING á verkum Ásgerðar Búadóttur verður opnuð á vegum Listasafns Borgarness laugardaginn 29. september.

Þetta er fyrsta sýning á verkum Ásgerðar úti á landi, en hún hefur haldið sjö einkasýningar í Reykjavík, auk þáttöku í samsýningum þar og víða um heim. Á síðastliðnu sumri átti Ásgerður verk á sýningunni NordForm 90 í Malmö, opinberri farsýningu íslenskrar listar um Bretland og á sýningunni Color and Form í Washington D.C., Bandaríkjunum.

Sýningin í Listasafni Borgarness stendur frá laugardeginum 29. september til sunnudagskvölds 21. október og er opin alla virka daga.

Sjúkrahús Suðurlands:

Allt starfsfólk ríkisstarfsmenn frá áramótum

BREYTING verður á ráðningarmálum starfsfólks heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa um næstu áramót. Öllu starfsfólki Sjúkrahúss Suðurlands og Heilsugæslustöðvar Selfoss, sem ekki var ráðið beint af ríkinu, hefur verið sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara frá 1. október. Fólkinu er boðið upp á endurráðningu og hefur það frest til 1. nóvember til að taka henni.

Frá og með næstu áramótum verða allir sem starfa á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum ríkisstarfsmenn samkvæmt lögum um verka-skiptingu ríkis og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að launakjör fólksins verði óbreytt þar til um annað hefur verið samið og óski starfsfólk eftir því getur það verið áfram í sama stéttarfélagi.

Dagsbrún:

Hækkun olíuverðs verði ekki skattlögð

Morgunblaðinu hefur borist eftirfarandi tillaga stjórnar Dagsbrúnar til ríkisstjórnarinnar:

„Stjórn Dagsbrúnar varar ríkisstjórnina mjög alvarlega við því að láta gjöld ríkissjóðs á olíu- og bensínverði hækka í prósentum, þannig að hin mikla hækkun á olíuverði verði skattlögð af ríkissjóði.

Stjórn Dagsbrúnar leggur til að sú krónutala, sem nú er tekin af þessum vörum, verði látin haldast óbreytt. Þá hækkun sem orðið hefur í heiminum geta Íslendingar ekki ráðið við frekar en aðrar þjóðir. En ef ríkisstjórnin ætlar að skattleggja þær hækkunir þá óttumst við að vöruverðshækkun verði það keðjuverkandi í þjóðfélaginu að „þjóðarsáttin“ heyri sögunni til. Stjórn Dagsbrúnar strekar enn við ríkisstjórnina, að við sjáum ekki fyrir endann á þeirri ógæfu, sem þessi skattlagning ríkisstjórnarinnar mundi hafa í för með sér.“

Vetrardagskrá Dómkirkjunnar

Með næsta sunnudegi hefst vetrardagskrá Dómkirkjunnar í Reykjavík. Þann sunnudag er Mikjálsmessa og allra engla og gagnast hún vel til áminningar um það að í kirkjunni fjöllum við um himneska hluti fyrst og fremst og hvernig það sem eilíft er hefur áhrif á líðandi stund.

Við í Dómkirkjunni höfum sérstaka ástæðu til að hlakka til vetrarins þar sem við höfum nú eignast safnaðarheimili í gamla lönskólanum í Lækjargötu 14A. Það býður okkur upp á möguleika sem hafa ekki verið okkur tiltækir til þessa.

Mörk Dómkirkjusóknar eru um Hringbraut miðja og Njardargötu, Nönnugötu, Óðinsgötu og Klapparstíg sem tilheyra henni allar. Hún

er elsta sókn Reykjavíkur og hefur ekki átt kost á öðru húsnæði fyrir safnaðarlífið en sína gömlu og virðulegu kirkju.

Messutímar verða í vetur kl. 11 og 17 jafnaðarlega og er vakin athygli á breyttum tíma síðdegisguðsþjónustunnar. Hún verður einnig með breytilegu formi með áherslu á bænagjörð og kyrrláta helgi. Með þessu er reynt að ná til fleiri en þeirra sem það hefur hentað, er til hefur verið stofnað fram að þessu. Þó verða u.þ.b. mánaðarlega guðsþjónustur kl. 14 með messukaffi á eftir.

Barnasamkomur hefjast með fjölskylduguðsþjónustu sem verður kl. 11 á sunnudaginn. Framvegis geta börnin komið til kirkju með

fólki sínu á sunnudögum, en er svo fylgt út í safnaðarheimilið þar sem sérstök dagskrá verður fyrir þau. Börnin í sókninni eru hvött til þess að koma nú þegar á sunnudaginn og vera með frá byrjun. Vel fer á því að foreldrar þeirra fylgi þeim til þessarar guðsþjónustu og sem oftast í vetur.

Á miðvikudögum verða hádegisbænir í kirkjunni kl. 12.15 og er fólk sem vinnur í miðbænum boðið velkomið til að taka sér hvíld frá amstri dagsins í helgidóminum.

Þriðjudaginn 2. október kl. 17 verður enn tekið á móti fermingarbörnum í safnaðarheimilinu. Fermingarundirbúningurinn verður á laugardögum kl. 10-12 og verður svo til hagað jafnan, að fyrst verð-

ur sameiginlegur tími, þá unnið í þrem hópum og að lokum komið saman aftur.

Þriðjudaginn 2. október kl. 20 verður fyrsta samveran fyrir unglinga í safnaðarheimilinu. Þær verða svo framvegis á þeim dögum í vetur. Fljótlega verður farið í helgarferð eitthvað út fyrir bæinn. Einkum eru fermingarbörn frá síðasta ári hvött til að taka þátt í unglingasamfélaginu.

Það fleira sem á dagskrá verður auglýsum við síðar en hvetjum söfnuð Dómkirkjunnar til þess að gefa þessu gaum og rækta vel kirkju sína framvegis Guði til dýrðar og sjálfum sér til blessunar.

Jakob Hjálmarsson

LAGERÚTSALA

HJÁ SÆVARI KARLI Á MORGUN, 29. SEPT.



**Verðið er ótrúlegt.
Jakkaft frá kr. 3.000
og kvenfatnaður á öðru
eins ótrúlegu verði.
Ópið frá kl. 10-17.**

**Fyrstu 3 Burberrys
frakkarnir ókeypis.**

Sævar Karl Ólason

SÆVAR KARL & SYNIR

Etienne Aigner®

P.s. Verslanir okkar eru annars troðfullar af nýjum haust- og vetrarvörum.